



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. júní 2013.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um slysatryggingar almennatrygginga. Lagt fyrir á 142. löggjafarþingi 2013, þingskjal nr. 6 – 6. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er einkum stefnt að því að einfalda löggjöf um almennatryggingakerfið hér á landi. Með því að skilja ákvæði um slysatryggingar frá og setja þau í sérlæg er komið til móts við meginregluna um skýrleika laga og aðgengi almennings að upplýsingum um réttindi og skyldur.

MRSÍ vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Um 6. gr. – MRSÍ telur það ekki geta samræmst félagafrelsisákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, að gera það að skilyrði að ípróttafólk sé í formbundnu ípróttafélagi sem er aðili að viðurkenndu ípróttasambandi til þess að það teljist slysatryggt skv. ákvæðum frumvarpsins. Ætti að vera nóg að einstaklingur sé orðinn 16 ára og æfi skipulega hjá félagi óháð formi þess eða aðild þess að viðurkenndu ípróttasambandi.

Um 9. gr. – MRSÍ fagnar þeim nýmælum í g. lið 1. mgr. 9. gr. að greiða eigi einnig fyrir kostnað við iðjuþjálfun og talþjálfun auk sjúkrahjálfunar en bendir einnig á að æskilegt væri að bæta við greiðslum fyrir áfallahjálp og félagslega ráðgjöf. Er ljóst að meðferð vegna afleiðinga slysa felst ekki aðeins í líkamlegri endurhæfingu heldur einnig andlegri og getur kostnaður vegna endurhæfingar því verið margvíslegur.

Einnig tekur MRSÍ undir gagnrýni Öryrkjabandalags Íslands á þeirri takmörkun sem felst í a lið 1. mgr. 9. gr. að aðeins skuli greitt að fullu fyrir læknishjálp sem samið hefur verið um samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Staðan er sú og hefur verið í gegnum tíðina að ekki hafa náðst samningar við allar heilbrigðisstéttir og því eru líkur á að einstaklingur fái ekki að fullu greiddan kostnað sinn við læknishjálp eftir slys.

Um 35. gr. – MRSÍ leggur áherslu á, að í þeim tilvikum þegar einstaklingur gæti átt rétt á bótum erlendis frá, þá sé gengið úr skugga um að hann fái í raun slíkar bætur áður en skerðing á bótum hér á landi fer fram. Það hefur sýnt sig að þrátt fyrir að einstaklingur eigi vissulega rétt á bótum frá öðru landi hefur það reynst miklum erfiðleikum bundið að fá þær greiðslur og hafa einstaklingar því búið við það að fá skertar bætur hér á landi og engar erlendis frá og þannig ekki haft tekjur yfir lágmarkstekjuviðmiðum Tryggingastofnunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdarstjóri